

Nd.

272. Lög

um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 22. febr.).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um þá fasta starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem tryggja vilja sjer lífeyri samkvæmt nefndum lögum. Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfélags Íslands, sem trygt hefir sjer lífeyri, úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsgrein 4. gr. laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.